



## Fundargerð

### 17. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 20. september 2023, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi nýr dagskrárliður nr. 3 og nr. 18 og aðrir dagskrárliðir færast til sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

#### 1. Fundargerð 264. fundar skipulagsnefndar UTU - 2309002

Lögð fram fundargerð 264. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 189. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

*Mál nr. 49; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-189 - 2308001F.*

*Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 23-189.*

#### 2. Fundargerð 265. fundar skipulagsnefndar UTU - 2309024

Lögð fram fundargerð 265. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 190. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

*Mál nr. 1; Lækjartún II L215415; Lækjartún II tengivirki L230714 og Lónsheiði 1, 2, 3, 5 og 7; Fjölgun iðnaðarlóða; Deiliskipulagsbreyting - 2209081.*

*Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar vegna tengivirkis í landi Lækjartúns II L215145 eftir auglýsingu og kynningar. Með deiliskipulagsbreytingunni er bætt við 5 lóðum austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr ríflega 2 ha í um 8 ha. Hreppsnefnd óskaði sérstaklega eftir ítarlegri kynningu á skipulagstillögunni eftir auglýsingu. Athugasemdir bárust eftir kynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.*

*SHreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um uppfærslu á gögnum í takt við framlagða samantekt athugasemda. Ákveðnum liðum athugasemda vísaði skipulagsnefnd til umræðu og viðbragða í hreppsnefnd Ásahrepps. Varðandi vatnsöflun fyrir þessar iðnaðarlóðir þá er nauðsynlegt að fá úr því skorið hjá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps hvort möguleiki er á að tengja væntanlegar byggingar á þessum lóðum við samveituna. Gera verður ráð fyrir öðrum lausnum við vatnsöflun ef Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps hefur ekki burðargetu til afhendingar. Nauðsynlegt er að bæta þessum fyrirvara inn í greinargerð deiliskipulagsins. Með fyrirvara um uppfærð gögn mælist hreppsnefnd Ásahrepps til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Mál nr. 2; Vatnsfellsstöð L193783 og Vatnsfellsveita Þórisvatns; Deiliskipulag - 2212065.*

*Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Vatnsfellsstöðvar og Vatnsfellsveitna í*

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Vat", "HGH", "SG", and "MS".

Ásahreppi eftir auglýsingu. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun. Uppsett afl Vatnsfellsstöðvar er allt að 90 MW og verður heimilt að stækka hana í 110 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Skipulagssvæði Vatnsfellsstöðvar er um 60 ha að stærð og skipulagssvæði Vatnsfellsveitu um 5 ha. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3; Vallarás (Ásmúli lóð 3) L192728; Sameining lóða og leiðrétt lóðamörk; Deiliskipulagsbreyting - 2308005.

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Vallarás í Ásahreppi. í breytingunum felst leiðrétting á mörkum lóða í takt við þinglýst skjöl auk þess sem gert er ráð fyrir sameiningu 2.5 ha landsvæðis við upprunaland svæðisins, L192728.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 4; Ásmúli Ássel L165327; Ás-Sel; Deiliskipulag - 2303058.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Ás-Sels L165327 í Ásahreppi eftir auglýsingu. Skipulagið tekur til afmörkunar lóðar auk byggingarreita fyrir íbúðarhús, bílskúr, skemmu/hesthús og tveggja gestahúsa. Innan svæðis er heimilt að byggja upp að hámarki 1.500 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að núverandi aðkomuvegur viki fyrir nýjum aðkomuvegi. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 5; Hrauneyjafossstöð og leitarmannahús Þóristungum; Skipulagssvæði sameinuð; Deiliskipulag - 2212067.

Lögð er fram deiliskipulagsáætlun sem tekur til Hrauneyjafossstöðvar og leitarmannahúss að Þóristungum eftir auglýsingu. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun. Uppsett afl Hrauneyjafossstöðvar er allt að 210 MW og verður heimilt að stækka hana í 240 MW. Ef farið verður í þær framkvæmdir munu þær einungis felast í endurbótum á núverandi vélum og verða innanhúss. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Auk þess er fjallað um Þóristungur L229271 inn breytingarinnar, mannvirki eru í Ásahreppi. Á staðnum er skáli og hesthús, gisting er fyrir 14 gesti. Mannvirki eru nýtt sem leitarmannahús og í langtímaleigu, einkum til veiðimanna. Heimilt er að byggja eitt hús til viðbótar og vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti. Þóristungur er fjallasel skv. aðalskipulagi. Skipulagssvæðið er tvískipt og er um 173 ha að stærð.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 46; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-190 - 2308003F.

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-190.

**3. Nefnd um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 5 - 2309001F**

Lögð fram fundargerð 5. fundar nefndar um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi.  
*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

3.1 2308026 - Reiðleið milli Ásmundarstaða og Ásvegar, um Faxatröð

3.2 2309001 - Ákvörðun um næstu skref

**4. Fundargerð 5. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2309013**

Lögð fram fundargerð 5. fundar stjórnar Húsakynna bs.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að samið verði við Fish Partners um framkvæmd nauðsynlegra lagfæringa á húsinu í Þóristungum til að verja það skemmdum. Jafnframt fellst hreppsnefnd Ásahrepps á þá hugmynd að semja um lengri leigutíma til að mæta kostnaði við lagfæringar hússins, og felur stjórn Húsakynna bs. að semja um þá þætti fyrir hönd sveitarfélaganna.*

**5. Fundargerð 3. fundar almannavarnarnefndar - 2309019**

Lögð fram fundargerð 3. fundar almannavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Dagskrárliður 4.1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórna.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að framlag til almannavarna verði kr. 350 á hvern íbúa fyrir árið 2024.*

*Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.*

**6. Fundargerð 11. fundar seyrustjórnar - 2309026**

Lögð fram fundargerð 11. fundar seyrustjórnar ásamt fundargögnum og minnisblaði unnu af Guðjóni Bragasyni í kjölfar stjórnarfundar.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela seyrustjórn að finna út heppilegasta rekstrarform fyrir þessa starfsemi, með tilliti til þeirra gagna sem lögð voru fram með fundargerðinni.*

**7. Fundargerð 14. fundar stjórnar Odda bs. - 2309011**

Lögð fram fundargerð 14. fundar Odda bs.

*Til kynningar.*

**8. Fundargerrð 230. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2309015**

Lögð fram fundargerð 230. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

*Til kynningar.*

**9. Fundargerð 319. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2309014**

Lögð fram fundargerð 319. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Til kynningar.*

**10. Fundargerð 102. fundar stjórnar UTU - 2309025**

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HSH", "KH", and "106" with various scribbles.

Lögð fram fundargerð 102. fundar stjórnar UTU.

*Til kynningar.*

**11. Fundargerð 59. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2309003**

Lögð fram fundargerð 59. fundar stjórnar Bergrisans bs.

*Til kynningar.*

**12. Fundargerð 60. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2309004**

Lögð fram fundargerð 60. fundar stjórnar Bergrisans bs.

*Til kynningar.*

**13. Fundargerð 61. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2309005**

Lögð fram fundargerð 61. fundar stjórnar Bergrisans bs.

*Til kynningar.*

**14. Fundargerð 932. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2309018**

Lögð fram fundargerð 932. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Til kynningar.*

**15. Breyting á legu lóðarmarka, Gásagustur - 2203063 - 2309012**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Gásagustar á Holtamannafrétt eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er afmörkuð ein lóð fyrir mannvirki. Heimilt er að byggja 3 hús og getur heildarbyggingarmagn verið allt að 300 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir gistingu í 2-3 skálum og að heimilt sé að vera með aðstöðu fyrir landvörð, upplýsingar og fræðslu um Friðland Þjósárvera. Gisting getur verið fyrir 30 gesti. Heimilt er að nýta mannvirki allt árið. Núverandi mannvirki verða fjarlægð. Skipulagssvæðið er um 3,7 ha. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram ásamt samantekt athugasemda og viðbragða. Málið var afgreitt á fundi sveitarstjórnar eftir auglýsingu þann 23.8.23 en er nú tekið fyrir að nýju þar sem skipulagshönnuður lagði fram óverulega breytingu á tillögunni eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að afmörkun lóðar og byggingarreitar hliðrast örlítið með það að markmiði að koma framkvæmdum á svæðinu úr brekku og neðar í landið þar sem meira undirlendi er, samhliða mun bera minna á húsum á svæðinu þar sem þau standa neðar í landinu.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrrgreindum lagfæringum. Að mati hreppsnefndar er um óverulega breytingu á skipulagstillögunni eftir auglýsingu. Jafnframt telur hreppsnefnd að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og í framlagðri samantekt viðbragða við umsögnum og athugasemdum. Mælt er til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**16. Framtíð félagsheimilisins Ásgarðs - 2110025**

Lagður fram undirritaður leigusamningur milli landeigenda lóðarinnar Ás 3 lóð I-2 og Ungmennafélags Ásahrepps þar sem lóðin undir félagsheimilinu Ásgarði, fnr. 219-7776, er leigð ungmennafélginu til 40 ára.

*Hreppsnefnd Ásahrepps hvetur Ungmennafélag Ásahrepps að halda aðalfund sem fyrst eftir að framlögðum lóðarsamningi hefur verið þinglýst, svo félagið geti tekið ákvörðun um framtíð Ásgarðs.*

HHH KTT  
EJ PE  
[Handwritten signatures]

**17. Tölvuskeyti Rangárþings ytra um sameiginlegan viðburð, jólahlaðborð - 2309006**

Lagt fram tölvuskeyti Rangárþings ytra, dags. 31. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps varðandi sameiginlegs viðburðar líkt og í fyrra þegar sameiginlegt jólahlaðborð var haldið í Hótel Stracta fyrir starfsmenn sveitarfélaganna.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í þessu verkefni.*

**18. Dagur sauðkindarinnar, styrkbeiðni - 2309028**

Lagt fram tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur f.h. Félags sauðfjárþænda, dags. 16. september 2023, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna dags sauðkindarinnar sem haldinn verður þann 14. október 2023.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 50.000.*

**19. Ársþing SASS 2023, haldið í Vík dagana 26.-27. október 2023 - 2309007**

Lagt fram bréf SASS, dags. 31. ágúst 2023, þar sem tilkynnt um ársþing SASS sem haldið verður í Hótel Vík dagana 26. og 27. október n.k.

*Sveitarstjóri hefur sent inn kjörbréf fyrir fulltrúa Ásahrepps, aðal- og varamenn, skv. kjöri á fyrsta fundi hreppsnefndar Ásahrepps kjörtímabilið 2022-2026.*

*Sveitarstjóra falið að panta gistingu fyrir fulltrúa Ásahrepps á ársþinginu á Hóтели Vík.*

**20. Samstarfssamningur milli KFR og Ásahrepps - 2309027**

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli KFR og Ásahrepps. Samningurinn gerir ráð fyrir framlagi frá Ásahreppi til KFR að upphæð kr. 500.000 árlega, sem greiðist í október ár hvert. Samningurinn gildi til ársloka 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagðan samning milli KFR og Ásahrepps og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps viðauka við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023 að upphæð 500.000 sem færast á bókhaldslykil 0689-4120 "Íþróttafélög og samtök". Þessi auknu útgjöld gangi á handbært fé. Hreppsnefnd Ásahrepps leggur áherslu á að sköpuð séu jöfn tækifæri fyrir íbúa sveitarfélaganna þriggja.*

**21. Drög að samstarfssamningi vegna Sportabler, Hvata og Shop kerfið - 2309008**

Lögð fram drög að þjónustusamningi milli Abler ehf og Ásahrepps, um Hvata og Shop kerfið Sportabler. Kerfið heldur utan um íþrótt- og tómskundastyrki sveitarfélaga og gerir umsækjendum um þá styrki léttara um vik að nýta sér styrkveitingar sveitarfélagsins. Einnig er töluverð hagræðing fyrir t.d. íþróttafélög að halda utan um þátttökugjöld og styrki sveitarfélaga.

Skv. framlögðum þjónustusamningi er stofnkostnaður Ásahrepps (einskiptiskostnaður) kr. 620.000 (með VSK) og síðan er mánaðarleg afnotagjöld af kerfunum kr. 33.177 (með VSK), eða árlega kr. 398.129.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka ekki upp samstarf á þessum forsendum.*

**22. Áherslulisti í áfangastaðaáætlun ásamt upplýsingum til landeigenda - 2309009**

Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 4. september 2023, þar sem hvatt er til að yfirfara áherslulista í áfangastaðaáætlun. Jafnframt er lögð fram auglýsing Markaðsstofu Suðurlands, til upplýsinga fyrir landeigendur, um umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

*Hreppsnefnd Ásahrepps vísar þessu erindi til atvinnu- og ferðamálanefndar Ásahrepps.*

HÖH KKH  
11  
JF

**23. Styrkbeiðni Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna - 2309017**

Lagt fram tölvuskeyti Styrktarsjóðs krabbameinssjúkra barna, dags. 24. ágúst 2023, þar sem óskað frá Ásahreppi vegna útgáfu blaðsins Börn með krabbamein.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 15.000.*

**24. Sameiginlegur heilsu-, íþrótt- og tómstundafulltrúi í Rangárþingi - 2309020**

Lagt fram tölvuskeyti Jóns Valgeirssonar, sveitarstjóra Rangárþings ytra, dags. 23. ágúst 2023, þar sem viðráðar eru hugmyndir um sameiginlegan Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa fyrir Rangárvallasýslu. Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Rangárþings eystra hafa lýst yfir áhuga á að skoða þessa hugmynd og mögulega útfærslu hennar.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í þessu samtali og samþykkir einnig að Nanna Jónsdóttir verði fulltrúi Ásahrepps í þessu samtali.*

**25. Bréf Mennta- og barnamálaráðuneytis, úthlutun og ráðstöfun fjármagns til grunnskóla - 2309022**

Lagt fram bréf Mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 1. september 2023 ásamt fundarboði dagsettu 13. september 2023. Efni bréfsins fjallar um boðun fundaraðar í október þar sem umfjöllunarefnið er úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla. Fundur verður haldinn á Hellu 4. október n.k.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fulltrúar Ásahrepps á fundi sem haldinn verður 4. október 2023 á Hellu eru Ísleifur Jónasson og Kristín Hreinsdóttir.*

**26. Endurskipun fulltrúa Ásahrepps í seyrustjórn - 2309023**

Nanna Jónsdóttir hefur óskað eftir að hætta í seyrustjórn fyrir hönd Ásahrepps.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Nönnu lausn frá störfum í seyrustjórn og samþykkir samhljóða að Valtýr Valtýsson taki sæti hennar sem aðalmaður fyrir hönd Ásahrepps í seyrustjórninni, þ.e. stjórn sameiginlegs seyruverkefnis sveitarfélaganna Bláskógabyggð, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Grímsnes og Grafningshrepps, Flóahrepps og Ásahrepps.*

**27. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011**

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps, 1. janúar - 31. ágúst 2023. Einnig lagðir fram fréttapunktur til birtingar á heimasíðu Ásahrepps.

*Til kynningar.*

**28. Hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu - 2309010**

Lagt fram bréf innviðaráðuneytis, dags. 5. september 2023, þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að móta sér málstefnu.

*Sveitarstjóra falið að ræða við önnur sveitarfélög sem Ásahreppur hefur samstarf við í gegnum byggðasamlög.*

**29. Aðalfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2023 - 2309016**

Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 31. ágúst 2023, þar sem boðað er til ársfundar Jöfnunarsjóðs 2023. Fundurinn verður haldinn 20. september 2023 og hefst klukkan 16:00.

*Ísleifur Jónasson verður fulltrúi Ásahrepps á fundinum.*

*Til kynningar.*

**30. Ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands um skógarreiti og græn svæði innan byggðar - 2309021**

Lagt fram bréf Skógræktarfélags Íslands, dags. 13. september 2023, þar sem kynnt er ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var dagana 1. - 3. september 2023. Ályktunin fjallar um skógarreiti og græn svæði innan byggðar.

*Til kynningar.*

**31. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi þann 18. nóvember 2023. Fundur hefst klukkan 8:30.

*Til kynningar.*


Fundi slitið kl. 11:30.



Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir




Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson